

Trans Ísland, félag Trans fólks á Íslandi

Reykjavík, 06.04.2021

Kt. 4911070650

Suðurgata 3, 101 Reykjavík

### Umsögn: Breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991

Trans Ísland fagnar þeim breytingum sem lagðar eru fram í þessu frumvarpi og telur þær mikilvægt skref í því að tryggja aðgengi og jafnrétti alls trans fólks að nafna- og kynskrárbreytingum.

Þegar að lög um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019 voru samþykkt þá var eitt af höfuðmarkmiðum laganna að tryggja sjálfsákvörðunarrétt einstaklinga. Lagt var því til að aðgengi trans fólks að nafna- og kynskrárbreytingum væri bætt og að trans fólk hefði fullt vald til að leiðrétta nafn og kynskráningu í samræmi við kynvitund án samþykki utanaðkomandi aðila.

Að trans fólk hafi í sömu lögum verið skylt til þess að borga sérstaklega fyrir nafna- og kynskrárbreytingar fer að okkar mati þvert gegn þeim markmiðum. Í fyrsta lagi má nefna að gjaldið skerðir aðgengi trans fólks að nafna- og kynskrárbreytingum, sér í lagi þeirra sem búa við verri efnahagslegar aðstæður en aðrir. Í öðru lagi skýtur það skökku við að trans fólk sé eina fólkið sem þarf að borga fyrir nafnabreytingar, en nafnabreytingar almennt eru gjaldfrjálssar hjá Þjóðskrá.

Nafna- og kynskrárbreytingar fyrir trans fólk eru eitt mikilvægasta réttindamál trans fólks, enda um leiðréttingu að ræða. Málið snýr það að því að trans fólk geti verið viðurkennt sem það sjálft gagnvart lögum, burtséð frá hvaða kyni og nafni það fékk úthlutað við fæðingu.

Trans Ísland fagnar því þessu mikla réttlætismáli og telur það mikilvægan lið í að tryggja jafnrétti trans fólks og skapa réttlátt og aðgengilegt samfélag fyrir okkur öll.

Virðingarfyllst, f. hönd Trans Íslands,

Ugla Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir,

Formaður Trans Íslands

